



**NORÐURORKA**

Markaðs- og þjónustudeild - Rangárvöflum - 603 Akureyri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1296*  
*komudagur 1.2.2008*

Símar 4601300 - 4601337 - 8621282 - netfang: [baldur@no.is](mailto:baldur@no.is)

Akureyri, 31. janúar 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til laga um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, þskj. 304 - 271. mál**

Norðurorka geri ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins fyrir sitt leyti.

Við yfirlestur er hins vegar hnotið um orðalag í 3. tl. 2. gr. frumvarpsins.

Þar segir; „*Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum*: Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru hefðbundnir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.“ (feitletrun mín)

Hér má hafa uppi þá skoðun að orðin „hefðbundnir orkugjafar“ taki fullmikið mið af aðstæðum sem ríkt hafa víða í Evrópu um langann tíma. Ef spurt væru hverjir eru hefðbundnir orkugjafar til raforkuframleiðslu á Íslandi, má ljóst vera að það eru endurnýjanlegir orkugjafar.

Er því lagt til að í stað orðana „hefðbundnir orkugjafar“ komi orðin „*endurnýjanlegir orkugjafar*.. enda ekki annað séð en við það sé átt í ákvæðinu.

**Virðingarfyllst,**  
**f.h. Norðurorku hf.**

  
Baldur Dýrfjörð hof.